



Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Stefnt er að því að upplýsingatækni geti orðið hjálpartæki í áfanganum.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- SKO-Horna og rúmfræði, útgáfa 2021 eftir Kjartan Heiðberg og Hilmar Friðjónsson
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara).

Námsmat:

Lokaeinkunn skiptist svona:

Árangur á lotuprófum/verkefnum = Annareinkunn: 30%

Árangur á skriflegu lokaprófi: 70%

Annareinkunn, 4 lotur, skiptist svona:

Vægi lotuprófs: 70%

Vægi verkefna: 30%

Annareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum.

Nemanda er skylt að taka öll lotuprófin nema lögmæt forföll komi til. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til.

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi:

Skilyrði til að sleppa við lokapróf:

- Ná meðaleinkunninni 7 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma og standast þau
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Til athugunar:

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn.

Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Lota:	Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	
1	1-5	Kaflar 1-2	1-40	Lotupróf 1 í lok 5. viku.
2	6-9	Kaflar 3-4	41-67	Lotupróf 2 í lok 9. viku.
3	10-12	Kaflar 5	69-83	Lotupróf 3 í lok 12. viku.
4	14-18	Kaflar 6-7	105-114	Lotupróf 4 í 18. viku
	19.vika	Upprifjun		

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega. Einnig er athygli nemenda vakin á stoðtímum í stærðfræði, auglýstir síðar í Innu. Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð F á viðkomandi nemanda.

FSu. 4. janúar 2024

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Kjartan Ólason, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Magnús Másson